

Sp.

560. Fyrirspurn

[261. mál]

til landbúnaðarráðherra um kaup og leigu á fullvirðisrétti.

Frá Hjörleifi Guttormssyni og Margréti Frímansdóttur.

1. Hversu mikið hefur Framleiðnisjóður landbúnaðarins annars vegar keypt og hins vegar leigt af búmarki og fullvirðisrétti í mjólk og kindakjöti á einstökum búmarkssvæðum á árunum 1985, 1986 og 1987?
2. Hversu mikið hefur Framleiðnisjóður greitt annars vegar fyrir kaup og hins vegar fyrir leigu á búmarki og fullvirðisrétti á einstökum búmarkssvæðum á árunum 1985, 1986 og 1987?
3. Hefur verið tekið tillit til byggðasjónarmiða, æskilegra búháttabreytinga, staðbundins markaðar og landgæða við kaup og leigu á fullvirðisrétti á vegum Framleiðnisjóðs?
4. Með hvaða hætti fá einstök búmarkssvæði bætt þann fullvirðis- og framleiðslurétt sem keyptur hefur verið eða leigður af einstökum bændum á svæðinu?
5. Hversu mikið er um það, að framleiðendur á einstökum búmarkssvæðum hafi ráðstafað fullvirðisrétti jarðar sinnar og tilsvarendi búmarki til annarra lögbýla?

Skriflegt svar óskast.